

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 109.

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn á Teams 21. mars 2023 kl 16:30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn undir lið 1 Margeiri Friðriksson sviðstjóri Stjórnsýslu og fjármálasviðs Skagafjarðar. Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

- Fjárhagsáætlun 2023-2026
- Tillaga um stjórnarlaun
- Tillaga til aðalfundar

1. Fjárhagsáætlun 2023-2026

Margeir lagði fram uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árin 2023-2026 þar sem meðal annars er búið að taka tillit til fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun urðunarhólfs á árinu 2023 og áætlaðra lántaka vegna þess. Fjárhagsáætlunin er samþykkt af stjórn og vísað til afgreiðslu aðalfundar.

2. Tillaga um stjórnarlaun

Lögð fram tillaga um að framvegis taki stjórnarlaun Norðurá bs., mið af launum fyrir fulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar eins og þau eru hverju sinni, en hingað til hafa launagreiðslur tekið mið af launagreiðslum fyrir setu í öðrum nefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar. Afgreiðslu málsins vísað til aðalfundar.

3. Tillaga til aðalfundar

Lögð fram tillaga að ályktun fyrir aðalfund Norðurá bs um eyðingu dýraleifa og sláturúrgangs þar sem skorað er á stjórnvöld að koma að málinu ásamt sláturleyfishöfum. Samþykkt að vísa ályktuninni til aðalfundar.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl. 17:15

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson